

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 frá 30. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 11 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„1m. **32010 R 0275**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010 frá 30. mars 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 275/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.